



Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis

Reykjavík 25. mars 2024

Efni: Umsögn Kvenfélagasambands Íslands um frumvarp til laga um afnám laga um orlof húsmæðra nr. 53/1972 með síðari breytingum.
154. löggjafarþing 2023-2024
Þingskjal 94 – 94. mál.

Frumvarpið geri ráð fyrir því að lög um orlof húsmæðra falli brott. Kvenfélagasamband Íslands setur sig ekki upp á móti afnámi þessara laga en gerum athugasemdir við ákvæði til bráðabirgða þar sem orlofsnefndir þurfi að geta starfað til loka ársins 2024.

Lög um orlof húsmæðra tóku gildi 1972 og var Kvenfélagasamband Íslands gert ábyrgt fyrir skiptingu orlofssvæða og að á hverju orlofssvæði starfi orlofsnefndir sem sjá um framkvæmd laganna. Kvenfélagasamband Íslands hefur aldrei fengið þóknun eða aðra greiðslu fyrir þessa umsjón heldur hefur framlagið runnið óskert til orlofsnefnda. Lögin voru sett á þeim tíma er konur voru heimavinnandi og áttu því ekki kost á launuðu orlofi, höfðu engar tekjur sjálfar og þurftu því á aðstoð að halda til að fá hvíld. Húsmæður eldri kynslóða hafa getað nýtt sér þessar ferðir en eru smám saman að hætta að sækja þær sökum aldurs og heilsubrest. Óumdeilt er að í orlofsferðir fara oft konur sem ekki myndu að öðrum kosti ferðast þar sem þær sækjast eftir þeim styrk sem felst í því að fara með konum, fyrir konur úr sínu nærumhverfi. Tímasetning um brottfall laganna þarf að taka tillit til að ferðir eru skipulagðar og greiddar með löngum fyrirvara.

Kvenfélagasamband Íslands styður jafnan rétt karla og kvenna og vill að kynjunum sé sköpuð jöfn tækifæri og þeim greidd sömu laun fyrir sömu vinnu. Þjóðfélagið hefur breyst frá þeim tíma er lög um orlof húsmæðra voru sett og nú á tímum taka kynin jafnari þátt í þeim störfum sem lúta að heimilinu og barnauppleði. Þó svo að fullt jafnrétti hafi ekki verið náð milli kynjanna telur Kvenfélagasamband Íslands að orlofslögin sé arfur liðins tíma.

Með vísan til framanritaðs leggur Kvenfélagasamband Íslands til að 1. másl. ákvæðis til bráðabirgða orðist svo:

Þrátt fyrir ákvæði laga þessara er sveitarfélagi heimilt að kveða á um að orlofsnefnd skuli starfa til 31.12.2024 sé rekstrarfé í sjóðum nefndarinnar.

Kvenfélagasamband Íslands gerir ekki frekari athugasemdir.

Virðingarfyllt

Dagmar Elín Sigurðardóttir,
forseti Kvenfélagasambands Íslands

Kvenfélagasamband Íslands, Kvennaheimilinu Hallveigarstöðum, Túngötu 14, 101 Reykjavík
sími: 5527430 netfang: kvenfelag@kvenfelag.is